



Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólsgrötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt. dags.	10. júní 2016
Málalýkill	04.51
Mál nr.	1604305

Reykjavík 7. júní 2016
Tilv.: IRR15110241/21.21

Mennta- og menningarmálaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og innanríkisráðherra, af hálfu ríkisins, og Samband íslenskra sveitarfélaga, f.h. sveitarfélaga, hafa gert með sér nýtt samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Á grundvelli samkomulagsins sem dagsett er 13. apríl 2016 mun ríkissjóður greiða árlegt styrktarframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til greiðslu kennslukostnaðar nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng.

Samkomulagið nær til áranna 2016-2018 og mun árlegt styrktarframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem renna skal til greiðslu kennslukostnaðar í samræmi við markmið samkomulagsins nema 520 m.kr. Á árunum 2017 og 2018 skal framlag ríkisins samkvæmt samkomulagi breytast árlega í samræmi við launaforsendur BHM og verðlagsforsendum fjárlaga í hlutföllum laun 85% og 15% önnur gjöld.

Unnið hefur verið að því í ráðuneytinu með aðkomu Sambandi íslenskra sveitarfélaga að uppfæra reglur og vinnureglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til þess að samræma þær nýju samkomulagi. Með breytingu á reglum verður gert ráð fyrir að sveitarfélög skili umsóknum til Jöfnunarsjóðs framvegis eigi síðar en 15. mars ár hvert. Eigi síðar en 1. apríl liggi fyrir upplýsingar um framlög Jöfnunarsjóðs vegna næstkomandi skólaárs. Nauðsynlegt er að safna upplýsingum um fjölda nemenda og kennslustunda frá árinu 2015-2016 áður en reglur og vinnureglur eru fullkláraðar.

Um leið og að reglur liggja fyrir fullmótaðar verða þær kynntar sveitarfélögum.

Umsóknir á grundvelli nýrrar reglugerðar

Jöfnunarsjóður hefur greitt framlög til sveitarfélaga vegna skólaáranna 2014-2015 og 2015-2016 með fjármunum sem sjóðurinn hefur fengið úthlutað vegna fyrri samkomulags. Nú er óskað eftir upplýsingum frá sveitarfélögum vegna skólaársins 2015-2016. Áfram skal miða við skrá um alla nemendur sem innritaðir eru í hljóðfæranám á framhaldsstigi og söngnám á mið- og framhaldsstigi. Sveitarfélögum ber að skila upplýsingum um skólaárið á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á vefsíðu sjóðsins. Sveitarfélög eru beðin um að skila uppfærðum skjölum eigi síðar en 24. júní nk.

Til að auðvelda sveitarfélögum skil á upplýsingum vegna skólaársins 2015 til 2016 hefur tengiliðum verkefnisins í sveitarfélaginu borist með rafrænum hætti excel skjal með upplýsingum frá því í maí 2015 sem óskast uppfært að teknu tilliti til áætlunar um nemendafjölda og námseininga á skólaárinu 2015 til 2016.

Óskað er eftir að upplýsingar fyrir skólaárið 2015 til 2016 berist rafrænt í excel skjali á netfangið bergur.sigurjonsson@irr.is. Jafnframt er óskað eftir að upplýsingarnar berist Jöfnunarsjóði sveitarfélaga undirritaðar í pósti.

Umbeðnar upplýsingar vegna skólaársins 2015 til 2016 eru ígildi umsóknar vegna skólaársins 2016 til

2017 og verða notaðar til að reikna út framlag þess árs.


Umsóknir á grundvelli 7. gr. reglugerðar nr. 23/2013

Hafi tónlistarnám nemendaskólaárið 2015-2016 fallið undir 3. mgr. 1. gr., sbr. 7. gr. reglugerðarinnar ber tónlistarskóla að senda lögheimilissveitarfélagi skrá um þá nemendur, eigi síðar en 24. júní nk.

Verkefni sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fjármagnar f.h. sveitarfélaga

Eins og áður þá er úthlutun 520 m.kr. styrktarframlagsins frá ríki byggð á því að sveitarfélögin taki að sér á móti verkefni samtals að fjárhæð 230 m.kr. á grundvelli samkomulags vegna tímabundinna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, samanber lög sem Alþingi samþykkti 2. júní sl. Upplýsingar um skiptingu á innheimtu 230 m.kr. og forsendur hennar munu berast sveitarfélögum fljótlega.

Fyrir hönd ráðherra


Guðni Geir Einarsson


Bergur Sigurjónsson